

Janúar 2021



Stefna um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030 DRÖG Í VINNSLU

Stjórnarráð Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Drög til samráðs: Stefna um félags- og tómstundastarf barna og ungmenna 2020-2030

Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynnir til samráðs drög að stefnu í félags- og tómstundastarfi barna og ungmenna. Gildistími stefnunnar verður til ársins 2030. Vakin er athygli á að um vinnuskjal er að ræða þar óskað er eftir athugasemdum fyrir áframhaldandi vinnu. Þetta er liður í auknu samráði í vinnuferlinu þar sem heimsfaraldur kórónuveiru hefur haft víðtæk áhrif á samráð við haghafa. Unnið verður að tillögum að aðgerðum til þess að fylgja stefnunni eftir þegar úrvinnsla úr samráðsgátt lýkur. Sérstakt samráð um aðgerðir verður síðar.

Um er að ræða stefnu mennta- og menningarmálaráðuneytisins og það sem ráðuneytið hyggst leggja áherslu á og aðhafast til að styðja við skipulagt félags- og tómstundastarf. Tilfni stefnumótunarinnar er aukin krafa um gæði og öryggi í skipulögðu félags- og tómstundastarfi og framtíðarsýn fyrir málaflokkinn.

Með stefnu í skipulögðu félags- og tómstundastarfi er hægt að stuðla enn frekar að innleiðingu Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna og tilmælum Evrópuráðsins um gæði félags- og tómstundastarfs. Um leið er sett framtíðarsýn fyrir málaflokkinn og forgangsröðun verkefna. Með þátttöku í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fá börn og ungmenni tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum, þroskast í öruggu umhverfi og um leið styðja við grunnildi þess að búa í lýðræðislegu samfélagi.

Umfang stefnunnar tekur mið af æskulýðslögum nr. 70/2007 og er skilgreint í 2. gr. laganna. Lögin miðast við starf barna og ungmenna á aldrinum 6-25 ár.

Stefnt er að því að stefnan taki gildi vorið 2021.

Umsögnum skal skilað í samráðsgátt eigi síðar en 4. febrúar 2021 .

Félags- og tómstundastarf barna og ungmenna

Starf með börnum og ungmennum, sem þessi stefna nær til, er ákvarðað út frá 1. grein æskulýðslaga nr. 70 frá 2007 og er skilgreint sem **skipulögð** „... félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum.“ Lögin skilgreina jafnframt að starfið skuli hafa „... félags-, forvarna-, uppeldis- og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda.“ Að lokum er tiltekið í lögum að í „... öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.“

Starfsemi sem stefnan nær til er frekar skilgreint í 2. grein laganna, eða að starfið nái til:

1. „Starfsemi félaga og félagasamtaka sem sinna æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfböðastarfi og eigin fjármögnun.
2. Æskulýðsstarf á vegum ríkis og sveitarfélaga og í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög ogaðrar reglur gilda ekki um.
3. Aðra starfsemi þar sem einkum er sinnt ófélagsbundnu æskufólki í skipulögðu æskulýðsstarfi.“

Lögin miðast við starf barna og ungmenna, einkum á aldrinum 6-25 ára.

Samkvæmt skilgreiningu Vöndu Sigurgeirsdóttur (2010, <http://netla.hi.is/menntakvika2010/025.pdf>) eru tómstundir „athöfn, hegðun eða starfsemi sem á sér stað í frítímanum og flokkast sem tómstundir að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þau skilyrði eru að einstaklingurinn líti sjálfur á að um tómstundir sé að ræða. Að athöfnin, hegðunin eða starfsemin sé frjálst val og hafi í för með sér ánægju og jákvæð áhrif.“ Þegar fjallað er um ánægju í samhengi þessarar stefnu er átt við að einstaklingurinn tekur þátt í starfinu á eigin forsendum og að þátttaka í starfinu skili viðkomandi ávinningi í einhverju formi.

Til samræmis við tilmæli Evrópsku ráðherranefndarinnar til aðildarríkjanna, nr. CM/Rec(2017)4, er í stefnunni lögð áhersla á að tryggja ramma, löggjöf, sjálfbært fyrirkomulag og úrræði, og skilvirka samræmingu við aðra geira.

Framtíðarsýn

Á Íslandi verði fjölbreytt og spennandi félags- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni, sem öll finni sér starf við hæfi. Starfið byggir á gagnreyndri þekkingu og traustum rekstrargrunni, er faglegt, öruggt og aðgengilegt fyrir alla.

Stjórnvöld og samfélagið viðurkenni mikilvægi félags- og tómstundastarfs og menntunarlegt gildi þess, laga- og rekstrarrammi starfsins er skýr og vettvangurinn áhugaverður fyrir öfluga sjálfbóðaliða og starfsfólk.

Stefna

Stefnan sem hér er sett fram snýst um tilgang, inntak, fyrirkomulag og umgjörð félags- og tómstundastarfs barna og ungs fólks. Stefna og markmið¹ eru sett fram fyrir helstu þætti félags- og tómstundastarfs barna og ungs fólks. Með stefnunni eru dregin fram þau atriði sem mikilvægt er að forgangsraða á næstu árum, til að stuðla að uppbyggilegri framþróun í félags- og tómstundastarfi barna og ungmenna. Þau atriði sem koma fram eiga við um félags- og tómstundastarfið almennt, án tillits til þess hvaða rekstrar- eða skipulagsaðili stendur fyrir starfinu, út á hvað starfið gengur eða fyrir hverja eða hvaða aldur það er. Þeir aðilar sem skipuleggja og annast slíkt félags- og tómstundastarf bera ábyrð á að útfæra stefnuna í starfi sínu og þá með sérstakar þarfir þátttakenda í huga.

A. Framboð og inntak félags- og tómstundastarfs

Lýðræði er síbreytilegt, mótað og þróað af aðstæðum og kynslóðum hverju sinni. Til þess að lýðræði megi halda áfram að þróast og dafna þá þurfa börn og ungmenni að eiga hlutdeild í samfélaginu og vera virkir þátttakendur, en þar er gildi skipulags félags- og tómstundastarfs ótvírætt. Með þátttöku í skipulögðu félags- og tómstundastarfi fá börn og ungmenni tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum, þroskast í öruggu umhverfi og um leið styðja við grunnildi þessi að búa í lýðræðislegu samfélagi.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi þann 20. febrúar 2013. Í honum er meðal annars kveðið á um rétt barna til tómstunda og skapandi starfs. Á því er byggt að börn og ungt fólk eigi rétt á að taka þátt í skipulögðu félags- og tómstundastarfi á eigin forsendum, það sé ætlað börnum og ungu fólki til hagsbóta og eigi ekki að fela í sér óþarfa kvaðir. Skipulagt félags- og tómstundastarf á að mæta börnum og ungmennum þar sem þau eru stödd. Þau þurfa og eiga rétt á að velja úr fjölbreyttum verkefnum í skipulögðu starfi, sem tekur mið af stöðu og áhuga þeirra hverju sinni. Skipulagt félags- og tómstundastarf þarf því að vera sveigjanlegt og aðlagast að síbreytilegu umhverfi og hugarefnum ungs fólks. Starfið þarf líka

að vera skapandi, aðgengilegt, öruggt, skemmtilegt, alvarlegt og fullt af leik. (Ráðherranefnd Evrópuráðsins, 2017).

Börnin og ungmennin eru þungamiðjan í félags- og tómstundastarfi. Þau eru nútíðin og framtíðin, með hugmyndir til að efla og þróa samfélagið og áhuga á að koma verkefnum og málefnum í framkvæmd. Þátttaka í skipulögðu félags- og tómstundastarfi er þar mikilvægur vettvangur samfélagslegrar þátttöku og stuðlar að mannréttindum, félagslegri aðild, skoðanaskiptum, jafnrétti og virkri þátttöku. Skipulagt félags- og tómstundastarf er þannig í grundvallaratriðum félagsleg þjálfun, sem hefur áhrif á mótun einstaklingsins og samfélagsins.

Stefna

Til staðar er fjölbreytt framboð af innihaldsríku félags- og tómstundastarfi fyrir börn og ungmenni, sem hefur m.a. félags-, forvarnar-, uppeldis- og menntunarlegt gildi.

Markmiðið er að mennta- og menningarmálaráðuneyti styðji við fjölbreytt framboð félags- og tómstundastarfs, sem:

1. Er mótað út frá hagsmunum og á forsendum barna og ungmenna, út frá þörfum þeirra og samfélagsins á hverjum tíma.
2. Grundvallast á aðkomu barna og ungs fólks að skipulagningu og ákvarðanatöku, að teknu tilliti til getu, áhuga, aldurs og þroska hvers og eins.
3. Gefur þátttakendum færi á að öðlast færni, læra og vaxa með þátttöku í reynslunámi.
4. Gefur þátttakendur möguleika á að prófa sig áfram, afla sér nýrrar þekkingar og finna áhugasvið sitt og braut í lífinu.
5. Er fjölbreytt og gefur börnum og ungu fólki tækifæri til að takast á við allskyns aðstæður í samskiptum og samstarfi við annað fólk, í öruggu umhverfi og á jafningjagrundvelli.
6. Stuðlar að fræðslu fyrir börn og ungt fólk um almenn réttindi sín og skyldur og gefur þeim tækifæri til að beita þeim.
7. Virðir skoðanir barna og ungs fólks og er uppbyggilegur vettvangur fyrir þátttakendur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
8. Leggur áherslu á að samsetning hópa sé fjölbreytt er varðar bakgrunn og reynslu.

B. Rekstrar- og starfsumhverfi félags- og tómstundastarfs

Þeir aðilar sem standa að skipulögðu félags- og tómstundastarfi geta starfað á afar fjölbreyttan hátt og unnið með ólík viðfangsefni.

Félags- og tómstundastarf getur þannig verið skipulagt af frjálsum félagasamtökum, sveitarfélögum eða stofnunum. Starfið getur verið á ábyrgð sjálfboðaliða eða starfsfólks en er alltaf í samráði við og með virkri þátttöku ungs fólks í starfinu og ákvarðanatökunni. Algengt er að samtök og stofnanir sem standa að slíku félags- og tómstundastarfi byggja starfsemi sína í kringum ákveðinn hóp barna eða ungs fólks, ákveðið áhugamál eða ákveðið málefni. Félags- og tómstundastarf sem byggir starfsemi sína í kringum ákveðinn hóp eru t.d. félagsmiðstöðvar sveitarfélaga sem hafa það hlutverk að standa fyrir starfi fyrir alla sem eru á tilteknum aldri á tilteknu svæði. Félags og tómstundastarf sem byggir starfsemi sína í kringum ákveðið áhugamál eru t.d. æskulýðssamtök eða minni hópar sem sameina ungt fólk í félagslegum tilgangi eða með áhuga til að leggja stund á áhugamálið saman. Félags- og tómstundastarf sem skipuleggur starfsemi sína í kringum málefni eru t.d. æskulýðssamtök sem sameina ungt fólk með ákveðnar lífsskoðanir, til að berjast fyrir ákveðnum hagsmunum og/eða málefnum.

Félags- og tómstundastarf getur líka verið sjálfsprottið hjá óformlegum hópi ungu fólki sem hefur áhuga á að vinna að og halda úti verkefnum, til lengri eða skemmri tíma. Slík verkefni geta verið tækifæri fyrir samtök og stofnanir til að virkja inn nýtt og áhugasamt ungt fólk en það getur líka verið leið fyrir ungt fólk til að framkvæma verkefni og taka þátt í félags- og tómstundastarfi án aðkomu stofnana og samtaka.

Hver sem skipuleggjandi starfsins er, sem og skipulag þess, þá byggir starfsemin á sameiginlegum grunni sem er lagaumhverfið, rekstrarforsendurnar og leikreglur í kringum starfið, aðgengi og öryggi þátttakenda.

Stefna

Forsenda öflugs starfs og lengri tíma uppbyggingar er að rekstrar- og starfsumhverfi félags- og tómstundastarfs barna og ungmenna er traust, faglegt, öruggt og aðgengilegt fyrir alla.

Markmiðin eru að:

1. Lagarammi rekstraraðila í félags- og tómstundastarfi er skýr og styður við rekstur og þróun starfsins.
2. Gæðaviðið fyrir rekstur og stjórnun eru forsenda rekstrarfjármögnunar til þeirra sem standa fyrir starfinu, til samræmis við umfang starfseminnar.
3. Aðstaða og tæki sem stuðla að faglegu starfi og þróun þess er til staðar.
4. Aukin fjárframlög til reksturs eru tryggð og jafnræðis gætt við úthlutun fjármagns.
5. Öll börn og ungmenni hafi aðgang að og jöfn tækifæri til þátttöku.
6. Félags- og tómstundastarf sé öruggur vettvangur allra barna og alls ungs fólks.

7. Aðilar félags- og tómstundageirans starfa saman í sameiginlegum málum, með það að markmiði að bæta starfið.
8. Félags- og tómstundageirinn starfi með viðeigandi aðilum að sameiginlegum málum, með það að markmiði að bæta starfið og tryggja samræmi milli málaflokka.

C. Mannauður sem undirstaða félags- og tómstundastarfs

Í félags- og tómstundastarf barna og ungmenna starfa bæði launaðir starfsmenn og sjálfboðaliðar. Slíkir starfsmenn og sjálfboðaliðar eru lykilaðilar samtaka og stofnana þegar kemur að því að tryggja að starfið sé innihaldsríkt og að það hafi forvarnar-, uppeldis- og menntunarlegt gildi fyrir þátttakendur.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar þurfa að búa yfir þekkingu og færni til að skapa öruggt umhverfi sem ungt fólk sækist í. Einnig þurfa þau að búa yfir þekkingu og færni í að styðja við nám og þroska þátttakenda, sem og læsi og fagmennsku á það hvenær þátttakendur tjá sig og hafa áhrif og hvenær þátttakendur stjórna alfarið. Áhersla sjálfboðaliða og starfsmanna er að styðja sífellt við og efla börnin og unga fólk á sama tíma og þau vinna að því að gera sig óþörf.

Stefna

Til staðar eru hæfir og faglegir sjálfboðaliðar og/eða launað starfsfólk fyrir félags- og tómstundastarf barna og ungmenna.

Markmiðin eru að:

1. Auka nýliðun sjálfboðaliða og starfsfólks.
2. Minnka brottfall sjálfboðaliða og starfsmannaveltu launaðra starfsmanna.
3. Hvatvar til nýsköpunar og framþróunar í starfinu eru til staðar, fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk.
4. Samfelld fræðsla, símenntun og þjálfun er í boði fyrir sjálfboðaliða, starfsfólk og rekstraraðila.
5. Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru meðvituð um skyldur sínar og ábyrgð í starfi.

D. Rannsóknir og þróun í félags- og tómstundastarfi

Í félags- og tómstundastarfi er jafn mikilvægt og í annarri starfsemi að vita stöðuna, hvaða árangur er að nást og hvað virkar eða virkar ekki. Slíkt er forsenda þess að starfið sé börnum og ungu fólk til sem mestrar

hagsbóta, og að fólki, fjármunum og öðrum björgum til starfsins sé varið með sem skilvirkustum hætti.

Rannsóknir gegna þar lykilhlutverki og eru forsenda framþróunar og nýsköpunar. Bæði reglubundnar og einstakar rannsóknir skipta máli, rannsóknir sem skoða heildina og rannsóknir sem skoða valda hluta starfsins í grasrótinni. Þar sem fé sem varið er til rannsókna er takmarkað er jafnframt mikilvægt að rannsóknargögn og niðurstöður nýtist sem flestum.

Rannsóknir ná, eðli málsins samkvæmt, til fortíðar og nútíðar. Þegar kemur að framtíðinni þá er nýsköpun og þróun oft drifin af breytingum í samfélaginu, nýjum væntingum þátttakenda og þroska fræðigreina. Mikilvægt er að styðja við slíka þróun, en eins og kostur er þá á grunni gagnreyndra aðferða og rannsókna.

Stefna

Virkt og faglegt rannsóknastarf, gagnreynd þekking og nýsköpun eru undirstaða gæða í félags- og tómstundastarfi og uppbyggilegrar þróunar þess.

Markmiðin eru að:

1. Upplýsingar um og aðgengi að rannsóknagögnum sem nýtast starfinu og greitt er fyrir af almannafé, eru aðgengilegar öllum, að uppfylltum aðgengisreglum og skilyrðum um trúnað og persónuvernd.
2. Gagnreyndar aðferðir og rannsóknir, innlendar og erlendar, eru notaðar til framþróunar í starfinu.
3. Öll hafa jafnt aðgengi að nýsköpunarverkefnum í starfinu, óháð búsetu og stöðu.
4. Úthlutun styrkja, til fjölbreyttra rannsóknaverkefna, eru ákveðin á faglegum forsendum.
5. Fjölbreytni, nýsköpun, ný viðfangsefni og nýliðun á sér stað í félags- og tómstundarannsóknnum.
6. Samstarf frjálsra félagasamtaka og háskólasamfélagsins í nýsköpun og þróun er aukið.

